



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð Kópavogs.

Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar.

Dags. 12. júní 2024.

Efni: Kaup Þroskahjálpar á íbúðum fyrir fatlað fólk.

Landssamtökin Þroskahjálpar höfðu, í ágúst 2023, frumkvæði að samstarfi við Kópavogsbæ vegna kaupa á íbúðum fyrir fatlað fólk í gegnum stofnframlagakerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Lýstu samtökin áformum um að kaupa eina til þrjár íbúðir í Kópavogi til þess að leigja fötluðu fólki á viðráðanlegu verði en með því að kaupa í gegnum stofnframlagakerfið yrði hlutdeild Kópavogsbæjar 12% af kaupverði íbúðar.

Húsbyggingasjóður Þroskahjálpar á fyrir nokkrar íbúðir í Kópavogi og er fyrirkomulag samstarfsins þannig að velferðarsviðs Kópavogs tilnefnir leigjendur í íbúðirnar, en Þroskahjálpar sér um að gera leigusamninga við leigjendur auk þess að hafa umsjón með viðhaldi íbúðanna. Velferðarsvið sér síðan um þjónustu við leigjendur.

Þessi áform féllu mjög vel að þeirri stefnu að loka herbergjasambýlinu Vallargerði 26 sem hefði einmitt fagnað 40 ára starfsafmæli sínu í september. Val á íbúðum fór fram í samráði við starfsfólk velferðarsviðs og gerði starfsfólk Þroskahjálpar allt til þess að auðvelda tilvonandi leigjendum ferlið. Fengu þeir m.a. persónulega aðstoð við að standsetja íbúðirnar.

Hlutur Kópavogsbæjar í verkefninu varð að lokum kr. 13.301.772,- og eru tveir fyrrum íbúar Vallargerðis nú komnir í sínar eigin íbúðir og fá stoðþjónustu frá sértækri heimaþjónustu. Með tilkomu íbúðanna var hægt að taka úr notkun herbergjasambýli sem staðið hefur til að loka um langt skeið, en ljóst er að samstarfið við Landssamtökin Þroskahjálpar og starfsfólk þeirra gegndi þar lykilhlutverki.

Fylgiskjöl:

- Niðurstöðublað - Landssamtökin Þroskahjálpar - Kaup í Kópavogi
- Samningur - Landssamtökin Þroskahjálpar - Hlíðarhjalli 57 íbúð 001 og Hamraborg 14 íbúð 205